



Markmið Ólympíuhreyfingarinnar eru sett fram í Ólympíusáttmálanum:

- að þroska þá líkamlegu og sálrænu eiginleika sem íþróttaiðkun byggist á
- að beita íþróttum til að glæða skilning og vináttu milli ungs fólks og vinna þannig að betri og friðsælli heimi
- að vinna að útbreiðslu Ólympíuhugsjónarinnar og beita henni til að skapa velvild milli þjóða heims
- að safna íþróttamönnum saman til íþróttahátíðar á fjögurra ára fresti - Ólympíuleikar

Ólympíuleikar til forna

Skráð saga Ólympíuleikanna hefst 776 f.Kr. Voru þeir haldnir fjórða hvert ár í borginni Ólympíu allt til ársins 394 e.Kr. Þegar þeir voru bannaðir. Fyrir um 2500 árum urðu Grikkir brautryðjendur á flestum sviðum menningar-, félags- og stjórnmála, trúmála og lista. Þessi saga, sem á sér ekki hliðstæðu í veröldinni, átti sér nokkurn aðdraganda í eldri menningarsamfélögum við Miðjarðarhaf, t.d. hjá Krítverjum, Mýkeníumönnum, Föníkumönnum og ýmsum þjóðum Litlu-Asíu. Grikkir tóku sig til og bjuggu til fyrstu lýðræðissamfélögin, komu með ótal nýjungar í margvíslegum vísindagreinum (t.d. læknisfræði, stærðfræði, og stjörnuspeki), reistu byggingar sem áttu sér ekki hliðstæðu og unnu ódauðleg listaverk í nánast öllum greinum menningar og lista (t.d. höggmyndalist, ljóðlist og leiklist). Í dag er Grikkland eitt ríki, en skiptist á fornum tíma í hundruð smárikja þar sem íbúar áttu sér sameiginlegt tungumál og menningu og litu því á sig sem eina þjóð. Síðar dreifðu þeir sér um ríki Miðjarðarhafs, fluttu með sér menningu og listir og höfðu þannig gríðarleg áhrif víða. Sérstaklega skal nefnt að verulegur hluti menningar Rómverja á fornum tíma byggja á þessum gríska grunni.

Íbúar hinna mörgu borgríkja tóku að senda fremstu íþróttagarpa sína til borgarinnar Ólympíu í Elís-héraði á vestanverðum Pelópskaga á 7. öld f. Kr. og er talið að hinir fyrstu eiginlegu Ólympíuleikar hafi verið haldnir þar árið 776 f.Kr. Þessir leikar snérust ekki eingöngu um íþróttakeppnina, þeir voru ekki síður trúarhátíð til heiðurs Seifi, sem var æðsti guðinn í trú Grikkja. Reyndar voru fleiri leikar í upphafi, svipaðir Ólympíuleikum og skal þar frægasta nefna leika sem kenndir eru við borgríkið Delfí í Mið-Grikklandi, en þar átti að vera miðja alheimsins. Þar var keppt í ýmsum íþróttagreinum til heiðurs Apolon, sem var guð heilbrigðis, hreysti og líkamsfegurðar.

Í Ólympíu höfðu verið byggð glæsileg íþróttamannvirki, ásamt hofum og bústöðum umsjónarmanna hvers konar. Í upphafi voru leikarnir einungis héraðsleikar í Elis þar sem eingöngu var keppt í kapphlaupi (192.27 m.) Þá sem síðar voru það einvörðungu frjálsbornir karlmenn sem tóku þátt, en giftum konum var meinuð þátttaka og reyndar máttu þær ekki heldur horfa á karlana keppa, einungis ungum, ógiftum stúlkum var slíkt heimilt. Eftir því sem árin liðu fjölgaði keppnisgreinum og leikarnir urðu nk. þjóðarleikar eða leikar þar sem íbúar borgríkjanna reyndu með sér í margvíslegum íþróttum. Helstu greinar voru auk kapphlaups, glíma, hnefaleikar, kringlukast, spjótkast, langstökk, fimmtarpraut og kappakstur fereykisvagna. Þrátt fyrir að borgríkin grísku væru ekki fjölmenn komu allt að 45





Þúsund mannst til að fylgjast með og gátu þeir allir verið á sama tíma á ólympíuleikvanginum.

Ólympíuleikar að fornu fóru fram í júlí fjórða hvert ár og stóðu þeir yfir í viku. Ýmsar erjur á milli borgríkja voru lagðar af á þessum tíma og má segja að friðarboðskapur ólympíuhreyfingar nútímans eigi rætur í þeirri staðreynd. Reyndar stóðu leikarnir yfir í tvær vikur til viðbótar, en þær voru einkum notaðar til helgihalds hvers konar. Fólk kom hvaðanæva að úr Grikklandi, einkum framámenn hvers konar og því var kjörið tækifæri til þess að setja niður deilur á slíkum stað, enda voru oft gerðir þar friðarsamningar. Ljóðskáld, hljóðfæraleikarar fjölmenntu, svo og kaupsýslumenn. Ólympíuleikarnir urðu því allt í senn trúarhátíð, markaður og íþróttaleikar. Fjölmargar sögur eru til af sigurvegurum á Ólympíuleikum og voru Grikkir iðnir við að færa í stílinn eins og þeim er gjarnan tamt. Þeir voru hetjur í heimahéraði og nutu ýmissa fríðinda vegna afreka sinna. Það er ekki að undra því Grikkir lögðu alla tíð mikið uppúr líkamshreysti, sem varð höfðuðdyggð í mörgum borgríkjum og hefur Sparta á miðjum Pelópsskaga verið þar oftast nefnd til sögunnar. En hjá flestum forn Grikkjum var hreysti nauðsynlegur þáttur í uppeldi og daglegu lífi þar sem hún tvinnaðist saman við ýmsa aðra uppeldispætti í heilsteyptum einstaklingi. Ólympíuleikarnir fóru fram á fjögurra ára fresti (ein “olympíaða”) í hartnær 1100 ár. Síðustu leikarnir að fornu voru haldnir árið 393 e. Kr., en eftir það voru þeir bannaðir, einkum vegna tengsla þeirra við heiðna trú. Byggingarnar enduðu í niðurníðslu og hof Seifs hrundi loks árið 426. Í kjölfarið fylgdu flóð og jarðskjálftar, sem máðu út flest ummerki eftir þessa merkustu íþróttahátíð fyrr á tímum. En hugsjónir Ólympíuleikanna lifðu og voru síðan endurvaktar í lok 19. aldar. 2000/IH

Tákn eru notuð til þess að koma merkingu og gildum ólympísku hugsjónanna á framfæri. Á meðal þeirra eru **hringirnir**, **einkunnarorðin** og **eldurinn**. Þessi tákn senda skilaboð á einfaldan og hnitmiðan hátt og gefa Ólympíuleikunum og Ólympíuhreyfingunni ákveðin einkenni.

Ólympíuhringirnir

Hringirnir fimm tákna heimsálfurnar fimm. Þeir eru fléttaðir saman til að sýna að ólympismi er allsstaðar og þá staðreynd að á meðan á Ólympíuleikum stendur mætast íþróttamenn frá öllum heimshornum. Á fána Ólympíuleikanna birtast hringirnir á hvítum bakgrunni. Sameinaðir á þennan hátt tákna litirnir sex (blár, gulur, svartur, grænn, rauður og hvítur) allar þjóðir heims. Það er því misskilningur að halda það að hver litur samsvari ákveðinni heimsálfu. Pierre de Coubertin, faðir nútíma Ólympíuleika útskýrir merkingu fánans: “Fáni Ólympíuleikanna [...] hefur hvítan bakgrunni með fimm samfléttuðum hringjum í miðjunni: bláum, gulum, svörtum, grænum og rauðum [...]. Þessi hönnun er táknræn, hún táknar fimm heimsálfur heimsins, sameinaðar af anda Ólympíuleikanna, litina sex má finna í öllum fánum heimsins í dag..” (1931)





Einkunnarorð

Einkunnarorð er ákveðin lífspeki og góð gildi sem gott er að lifa eftir. Einkunnarorð Ólympíuleikanna er samansett úr þrem latneskum orðum: **CITIUS** (hraðar) - **ALTIUS** (hærra) - **FORTIUS** (sterkar). Þessi þrjú orð hvetja íþróttamanninn til að gera sitt allra besta á meðan á leikunum stendur. Til að skilja einkunnarorðin til hlýtar getum við borið þau saman við hina Ólympísku trúarjátningu:

Það mikilvægasta í lífinu er ekki að sigra, heldur að berjast;
Það er ekki nauðsynlegt að bera sigur úr þítum, heldur að hafa barist af lífi og sál.

Saman tákna hin ólympísku kjörorð og trúarjátningin hugsjón sem Coubertin trúði á sem mikilvæga lífslexíu sem hægt er að öðlast með því að taka þátt í íþróttum og eða Ólympíuleikum: það að gefa sitt allra besta og kappkosta við að ná sem allra bestum persónulegum árangri, væri takmark sem væri vel þess virði að reyna að ná. Þetta er lexía sem íþróttamenn sem og aðrir ættu að tileinka sér enn þann dag í dag.

Árið 1894 urðu latnesku orðin þrjú að kjörorðum Ólympíuleikanna sama dag og IOC var stofnað. Pierre de Coubertin kynnti kjörorðin en hann hafði fengið þau að láni hjá vini sínum Henri Didon, dóminískum prest sem kenndi íþróttir í bæ nærri París. Innblásturinn af trúarjátningunni kom síðar, í framhaldi af ræðu Biskupsins af Pennsylvaníu, Ethelbert Talbot sem hann hélt á leikunum í Lundúnum árið 1908.

Ólympíueldurinn

Ólympíueldurinn er eitt þekktasta tákn Ólympíuleikanna. Í Grikklandi til forna var eldinum haldið lifandi allt árið um kring við altari gyðjunnar Heru. Á leikum nútímans var eldurinn fyrst tendraður í Amsterdam 1928 og hefðin fyrir sérstökum ólympíukyndli hófst samhliða leikunum í Berlín 1936.

Eins og til forna eru geislar sólar notaðir til að kveikja eldinn í Ólympíu. Hefst síðan ferð hans á milli hlaupara, frá einu landi til annars þar til komið er til borgarinnar sem er gestgjafi Ólympíuleikanna hverju sinni. Yfirleitt er það mikill fyrrverandi eða núverandi íþróttagarpur sem sér um að taka síðustu skrefin á leikvanginum með kyndilinn og kveikja Ólympíueldinn formlega á setningarathöfn leikanna. Þar lifir hann þar til slökkt er á honum á lokaathöfninni.

Frá þeirri stundu þegar ólympíueldur er tendraður er mjög nákvæmum helgisiðum fylgt:

- **Tendrunin:** Í minningu uppruna nútíma Ólympíuleika er haldið í hefðir hinna fornu leika, eldurinn er tendraður í bænum Ólympíu í Grikklandi nokkrum mánuðum fyrir opnun Ólympíuleikanna. Einungis má tendra eldinn með geislum sólar.
- **Kyndillinn:** Ný útgáfa af kyndli er gerð fyrir hverja Ólympíuleika og hver hlaupari (kyndilberi) heldur á sínum kyndli, sem hann notar til að tendra kyndilinn hjá þeim hlaupara er tekur við, eldlogin má aldrei slökkna.
- **Hlaupaleiðin:** Kyndilberinn þarf að hlaupa frá Ólympíu til gestgjafaborgar Ólympíuleikanna, eldurinn fer því yfir héruð, landamæri og heimsálfur. För kyndilsins





tilkynnir komu Ólympíuleikanna til íbúa þeirra landa sem hann á leið um og kynnir jafnframt nýja menningu og hefðir.

-Sagan: Upphaf tendrunar elds í borginni Ólympíu (Grikklandi) og boðhlaup kyndilberans voru í aðdraganda Ólympíuleikanna sem haldnir voru í Berlín (Þýskalandi) árið 1936.

Ólympíufáninn

Ólympíuhringirnir eru opinbert tákn Ólympíuhreyfingarinnar. Þetta eru fimm hringir (blár, svartur, rauður, gulur og grænn) sem skarast á hvítum bakgrunni.

Fjöldi hringjanna táknar sameiningu 5 heimsálfa þ.e. Ástralíu, Afríku, Ameríku, Asíu og Evrópu á Ólympíuleikum. Það eru misjafnar kenningar um hvers vegna áðurnendir litir voru valdir en ein skýring er að a.m.k. einn þessara lita sé að finna í fána hverrar þjóðar.

Einfaldur hvítur bakgrunnurinn táknar friðinn sem ríkir á Ólympíuleikum.

Ólympíufáninn var hannaður af Pierre de Coubertin og blakti fyrst á Ólympíuleikunum í Andwerpen árið 1920.

Ólympíueiðurinn

Frá og með leikunum í Andwerpen 1920 er venja að íþróttamaður frá gestgjafaþjóð Ólympíuleikanna sverji Ólympíueiðinn fyrir hönd annarra íþróttamanna við setningarathöfnina: *"Í nafni allra keppenda heiti ég því að við munum til sæmdar íþróttunum og liðssveitum okkar, taka þátt í leikunum með sönnum íþróttanda og virða þær reglur sem þeir byggjast á".* Á leikunum í Mexíkó 1968 var einnig tekinn um sá siður að láta einn dómara vinna heit fyrir hönd allra dómara og starfsmanna.

Setningarathöfn Ólympíuleika

Setningarathöfn Ólympíuleika hefst á inngöngu þátttökupjóða undir nafnspjaldi og þjóðfána. Grikkir koma fyrstir í virðingarskyni við sögulegan uppruna leikanna, gestgjafarnir síðastir og aðrar þjóðir koma þar á milli í stafrófsröð.

Ræður formanns undirbúningsnefndar viðkomandi lands og forseta Alþjóða ólympíunefndarinnar.

Leiðtogi gestgjafaþjóðar lýsir leikana formlega hafna.

Ólympíufáninn borinn einn hring á leikvanginum.

Ólympíufáninn dreginn að húni og um leið er Ólympíuóðurinn leikinn.

Þrjú fallbyssuskot og þúsund dúfum sleppt sem tákn um frið

Ólympíueldurinn tendraður

Ólympíueiðurinn svarinn.

Þjóðsöngur þess lands sem leikarnir fara fram í leikinn.

Skemmtiatriði að hætti gestgjafanna.





Lokaathöfn Ólympíuleika

Innganga þátttakenda frá hverri þjóð.

Þrír fánar dregnir að húni. Fyrst fáni núverandi gestgjafþjóðar, þá fáni komandi gestgjafþjóðar og að lokum fáni Grikklands. Um leið eru þjóðsöngvar þjóðanna leiknir. Forseti Alþjóðaólympíunefndarinnar lýsir leikunum lokið og hvetur æsku heimsins til að koma saman að nýju að fjórum árum liðnum.

Ólympíueldurinn slökktur.

Ólympíufáninn dreginn af húni.

Fimm fallbyssuskot og þátttakendur ganga af vellinum.

Skemmtiatriði að hætti gestgjafþjóðarinnar.

Forsetar IOC

Hér fyrir neðan er upptalning á forsetum Alþjóðaólympíunefndarinnar, The International Olympic Committee (IOC). Efst er núverandi forseti og neðst sá fyrsti.

Thomas Bach (Þýskaland), forseti IOC frá 2013

Thomas Bach er níundi forseti IOC

Jacques Rogge (Belgía), forseti IOC frá 2001-2013

"Our world today is in need of peace, tolerance and brotherhood. The values of the Olympic Games can deliver these to us. May the Games be held in peace, in the true spirit of the Olympic Truce. Athletes of the 80 national Olympic committees, show us that sport unites by overcoming national, political, religious and language barriers. You can show us a world we all long for."

Jacques Rogge – áttundi forseti IOC

Juan Antonio Samaranch (Spánn), forseti IOC frá 1980 til 2001

"We peruse one ideal, that of bringing people together in peace, irrespective of race, religion and political convictions, for the benefit of mankind."

J.A. Samaranch – Sjöundi forseti IOC

Lord Killanin (England), forseti IOC frá 1972 til 1980.

"The Olympic Movement is not only the allocation and ruling of the Olympic Games. It is something throughout the world, which exists for 24 hours a day for every day of the year. It is something that can be good to all!"

The Lord Killanin – Sjötti forseti IOC

Avery Brundage (USA), forseti IOC frá 1952 til 1972

"The sportsman knows that a sport is a recreation, a game, an amusement and a pastime, but his eyes are fixed on a higher goal, on the most important thing in his life, which is his education or his vocation."

Avery Brundage – fimmti forseti IOC





J. Sigfrid Edström (Svíþjóð), forseti IOC frá 1946 til 1952

One of the major aims of Olympism is *"to improve the human race, not only physically, but to give it a greater nobility of spirit, and to strengthen understanding and friendship amongst peoples."*

J. Sigfrid Edström – fjórði forseti IOC

Henri de Baillet-Latour (Belgía), forseti IOC frá 1925 til 1942

Henri de Baillet - Þriðji forseti IOC

Pierre de Coubertin (Frakkland), forseti IOC frá 1896 til 1925

"May joy and good fellowship reign, and in this manner, may the Olympic Torch pursue its way through ages, increasing friendly understanding among nations, for the good of a humanity always more enthusiastic, more courageous and more pure."

Pierre de Coubertin – annar forseti IOC

Demertius Vikelas (Grikkland), forseti IOC frá 1894 til 1896

"I foresee an opposition to the proposal regarding Athens because of the distance, but I shall try to defend it, convinced that I am conveying not simply the wish of the Association, but of all Greeks..."

Demertius Vikelas – fyrsti forseti IOC skrifar heim til Grikklands, daginn fyrir fyrsta þingið, um þá hugmynd að fyrstu ólympíuleikarnir yrðu haldnir í Grikklandi.

